

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Össur Skarphéðinsson, Árni Steinar Jóhannsson,
Guðjón A. Kristjánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason.

1. gr.

Við lögina bætist nýr kafli, III. kafli, **Náttúrugripasöfn**, með tveimur nýjum greinum sem orðast svo:

a. (15. gr.)

Ráðherra er heimilt, í tengslum við náttúrufræðisetur og náttúrustofur sem starfræktar eru, að styðja við rekstur sýningarsafna um náttúrufræði, enda séu söfnin í eigu héraðsnefnda, sveitarfélaga eða annarra heimaaðila. Slíkum söfnum er heimilt að starfa í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, sbr. 8. gr., og náttúrustofur, sbr. 11. gr. Leita skal umsagnar viðeigandi náttúrustofu eða náttúrufræðiseturs áður en ákvörðun um fjárstuðning er tekin.

b. (16. gr.)

Styrkur ráðherra til sýningarsafns takmarkast við laun forstöðumanns í fullu starfi og stofnkostnað vegna húsnæðis, innréttinga og bóka- og tækjakaupa eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, enda liggja fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Nú starfar sýningarsafn í leiguhúsnæði og fer þá með sama hætti um greiðslu kostnaðar. Framlag ríkissjóðs vegna stofnkostnaðar er bundið því skilyrði að þær eignir sem teljast til stofnkostnaðar séu einvörðungu nýttar í þágu safnsins nema fyrir liggja samþykki ráðuneytisins um annað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hliðstætt frumvarp var flutt á síðasta þingi en var þá eigi útrætt og er því flutt að nýju. Í fyrra frumvarpi var miðað við stuðning við náttúrugripasöfn í hverju hinna eldri kjördæma. Með því að kjördæmaskipan hefur verið breytt er lagt til að stuðningurinn sé takmarkaður við söfn er starfi í tengslum við náttúrufræðisetur og náttúrustofur, en þessar stofnanir eru starfandi í hverju hinna eldri kjördæma.

Megintilgangur þessa frumvarps er að veita heimild til þess að unnt sé að styðja fjárhagslega við uppbyggingu náttúrugripasafna á landsbyggðinni. Starfræksla slíkra safna getur haft margháttaðan tilgang og horfir til framfara og heilla, ekki sist fyrir starfsemi á landsbyggðinni.

Á nokkrum stöðum hefur verið unnið af myndarskap að slíkri uppbyggingu. Viðast hvar hefur hún farið fram án stuðnings ríkisvaldsins. Þó munu þess dæmi að náttúrugripasöfn hafi notið fjárhagslegs stuðnings ríkisins. Hér er lagt til þessi stuðningur verði skipulegur og samræmdur. Með stuðningi ríkisvaldsins við uppbyggingu safna af þessu toga má vænta þess að betur verði staðið að málum og á metnaðarfyllri hátt en áður.

Á sínum tíma var uppbygging starfsemi náttúrustofa á landsbyggðinni lögfest. Sú stefnumótun hefur gefist ágætlega. Vel hefur verið að uppbyggingunni staðið, heimamenn hafa komið myndarlega að verki og fræðilegur metnaður er mikill. Í lögunum er gert ráð fyrir að starfssvið náttúrustofanna sé víðtækt sem er skynsamlegt í ljósi þess hversu samþætt starf þeirra er verkefnum sem unnið er að hverju sinni úti um landið.

Uppbygging náttúrugripasafna fellur einkar vel að þeirri grundvallarhugsun sem náttúrustofur og náttúrufræðisetur eru byggð á. Er því leitað fyrirmynda að frumvarpstextanum í lögunum um náttúrustofur. Því er lagt til að söfnin starfi í tengslum við stofurnar og náttúrufræðisetur þar sem það á við. Þar með má segja að komið sé á eins konar tengingu við þá starfsemi sem fram fer að einhverju leyti á náttúrustofunum og í náttúrufræðisetrunum.

Auðvelt ætti líka að vera að sérhæfa þessa starfsemi á ýmsum svæðum og tengja jafnvel vísinda- og rannsóknastarfi sem fram fer í byggðunum. Þannig er unnt að tvinna saman á lifandi hátt vísindastarf og daglegt líf og efla um leið áhuga fólks á því merka þróunarstarfi.